

Nd.

611. Nefndarátt

um frv. til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Um frv. þetta hafa verið mjög skiftar skoðanir í nefndinni, og vilja þó allir nefndarmenn með nokkrum hætti stöðla að eflingu Fiskiveiðasjóðs og haldkvæmari lánakjörnum fyrir bátaútveginn, sem frá öndverðu átti að njóta stöðnings sjóðsins. Ágreiningurinn er hjer einkum um starfstilhögun sjóðsins og leiðir til fjáröflunar.

Vjer lítum svo á, að alveg sjerstök og brún ástæða sje til að styðja og efla bátaútveginn, ekki aðeins vegna þess, hve mikilvægur þáttur hann er í sjálfbjargarstarfi þjóðarinnar, heldur einnig vegna þess, að hann, miklu fremur en útgerðarfyrirtækin stóru, skapar heilbrigða atvinnuhætti og gerir fjölda manna fært að reka atvinnu á eigin spýtur og öðrum óháða.

Bátaútvegurinn hefir á síðari árum verið mjög afskiftur stuðningi láns- trausts, þrátt fyrir bakjarl þann, sem honum var ætlaður með stofnun Fiski- veiðasjóðs Íslands 1905. Hefir þar um mestu valdið vanmætti sjóðsins, eftir að frá honum voru teknir tekjustofnar eins og sektarfje fyrir ólöglegar botnvörpu- veiðar í landhelgi og útflutningsgjald af sild, en auk þess hefir mest allt fjármagn sjóðsins verið fest í fjarskyldum fyrirtækjum, svo sem hafnarmannvirkjum, og loks hafa ákvæði 11. kafla farmannalaganna frá 1914, um sjóveð, gert vjelbáta og smáfleytur óveðhæfar og þannig lokað að mestu sjóðnum og öðrum láns- stofnunum fyrir þeim efnaminni útvegsmönnum bátanna.

Frv. á þskj. 214 er ætlað að ráða bót á þessum vandkvæðum, en vjer sjáum oss ekki fært að fylgja því í upphaflegum búningi, og ber þar einkum til þetta þrent:

1. Fjáröflun til handa sjóðnum með vaxtabrjefasölu, svo sem frv. ráðgerir, teljum vjer nær vonlausa, þar sem innlendur verðbrjefamarkaður er lang- samlega ofhlaðinn, og verður enn frekar við væntanlega sölu nýrra veð- deildarbrjefa.
2. Frv. miðar starf sjóðsins einhliða við lán til skipakaupa, jafnvel með þeirri stærð, sem sjóðnum er ofvaxið að styðja alment, og til að koma upp iðju- fyrirtækjum í sambandi við fiskiveiðar.
3. Vaxtakjör sjóðsins eftir frv. virðast hljóta að verða mjög erfið, sjerstaklega vegna affalla á torseldum vaxtabrjefum.

500000 kr. sjóðauka þann frá ríkissjóði, sem frv. ráðgerir að safnist á 5 árum, leggjum vjer til, að ríkissjóður leggi fram þegar er ný skipan kemst á sjóðinn. Ætlumst vjer til, að sjóðauki þessi verði eins og óuppsegjanlegt lán, sem ríkissjóði greiðist af lágir vextir, og mundi hann vísir að rekstrarlánadeild við Fiskiveiðasjóð, sem síðar mætti auka með lánnum og á annan veg.

Árlegt framlag ríkissjóðs til eflingar sjóðnum viljum vjer fimmfalda, eða færa úr 6000 kr. í 30000 kr., og verja því fje ásamt vöxtum hins eldra sjóðs

líkt og gert hefir verið, til smáskipakaupa og verkstæða til hagnýtingar sjávar-
afurða.

Vaxtakjör sjóðsins viljum vjer ákveða lægri en almenna víxilbankavexti,
líkt og gilt hefir um sjóðinn að þessn. Án þess munndi útgerðinni lítill fengur
að sjóðnum.

Loks viljum vjer leggja stjórn sjóðsins undir Landsbankann, sem yfirleitt
hefir í hendi mestalla lánastarfsemi vegna bátaútvegsins og sem gegnum útibú
sín getur haft nán kynni af viðskiftamönnum sjóðsins viðsvegar um landið og
metið þarfir og ástæðnr þeirra, sem fjarri búa.

Eftir framansögðn teljum vjer, að frv. þnrfi að breyta að verulegum mun,
þótt aðalstefna þess og mörg fyrirkomulagsatriði haldist.

Samkvæmt því leggjum vjer til, að það verði samþykkt svo sem það fer
hjer á eftir í 10 greinum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. 1. gr. orðist svo:

Tilgangur Fiskiveiðasjóðs Íslands er að styðja bátaútveg landsmanna
með haldkvæmum lánum.

2. 2. gr. orðist svo:

Höfuðstóll sjóðsins er:

1. Eignir hins gamla fiskiveiðasjóðs, í peningum og skuldabryfum, eins og
þær verða er lög þessi öðlast gildi.
2. 30000 kr. árlegt framlag til sjóðsins úr ríkissjóði.
3. 500000 kr., sem ríkissjóður með lántöku eða á annan hátt leggur sjóðnum
til jafnframt og lög þessi ganga í gildi og sem ríkissjóði greiðast af
4^o/o vextir árlega.

3. 3. gr. orðist svo:

Fiskiveiðasjóður skiftist í 2 deildir með aðgreindum fjárhag: *Skipa-
kaupadeild* og *rekstrarlánadeild*. Undir skipakaupadeild fellur fje það, sem
talið er í 1. og 2. lið 2. gr., en fje eftir 3. lið fellur undir rekstrarlánadeild.

Óvissar tekjur sjóðsins skiftast jafnt milli beggja deilda hans.

4. 4. gr. orðist þannig:

Fje skipakaupadeildar má eingöngu lána til:

- a. Skipakaupa, alt að 30 smálesta.
- b. Stofnsetningar iðjufyrirtækja í sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hag-
nýtingar fiskiúrgangi.

Lán úr rekstrarlánadeild veitast aðeins til útgerðar og rekstrar
fiskibáta alt að 30 smálesta. Má þau veita gegn veði í fiskifeng, sem á land
er kominn, eða öðrum tryggingum, er sjóðsstjórnin tekur gildar.

Aldrei skulu slík lán veitt eða framlengd lengur en svo, að hverju
láni sje lokið á ársfresti, og skulu vextir vera að minsta kosti 1^o/o undir
gildandi víxilbankavöxtum.

5. 5. gr. verði þannig:
Skipakaupalán má veita til 10 ára, og mega þau nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 20000 kr. til hvers skips.
Lán til iðjufyrirtækja veitast til allt að 15 árum, og mega þau nema $\frac{1}{3}$ stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað ekki fara fram úr 35000 kr.
Vextir lána eftir þessari grein skulu að jafnaði eigi hærri en $5\frac{1}{2}\%$.
6. 6. gr. verði þannig:
Lán úr skipakaupadeild má veita gegn þessum tryggingum:
a. Gegn fasteignaveði allt að $\frac{2}{3}$ af virðingarverði veðsins, og hvíli engar skuldbindingar á veðinu á undan veðrjetti sjóðsins.
b. Gegn fyrsta veðrjetti í skipum, sem ekki sigla til útlanda, allt að helmingi virðingarverðs þeirra, enda gangi veðrjettur sjóðsins þá fyrir öllum öðrum tryggingum í skipinu, þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti.
7. 7. gr. orðist þannig:
Eignir þær, er Fiskiveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, sem ger verður ákveðið í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins getur heimtað endurmat á slíkum eignum hvenær sem þær ganga úr sjer, gallast eða rýrna á einhvern veg.
8. 8. gr. orðist þannig:
Landsbankanum skal falin stjórn sjóðsins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður, og lætur bankinn útbúa sín annast útlánastarfsemina úr rekstrarlánadeild í þeim firnari landshlutum.
9. 9. gr. orðist þannig:
Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á stjórn sjóðsins.
10. 10. gr. orðist svo:
Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1929, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52 1905, og lög nr. 29 1907, sem og önnur ákvæði í lögum, skipulagsskrá og reglugerðum, er fara í bága við lög þessi.
11. 11.—26. gr. frv. falli niður.

Alþingi, 27. mars 1928.

Sveinn Ólafsson,
form. og frsm.

Jörundur Brynjólfsson.

Þar sem vonlaust er um, að frv. um Veðlánasjóð fiskimanna (þskj. 253) nái fram að ganga á þessu þingi, en jeg tel frv. með framanskráðum breytingum til nokkurra bóta frá því, sem nú er, get jeg fallist á ofanritað nefndarálit í aðalatriðum, nema ákvæðum 6. gr. um niðurfellingu sjóveða, sem ótvírætt er rjettarskerðing fyrir skipverja. Fylgi mitt við frv. er bundið því skilyrði, að þau ákvæði greinarinnar, sem að niðurfellingu sjóveða lúta, verði feld niður.

Sigurjón Á. Ólafsson.